

# Reglur

nr. 520/1991, um innflutning, framleiðslu og dreifingu leikfanga úr blýi.

1. gr.

Óheimilt er að flytja inn, framleiða eða dreifa með nokkrum hætti leikföngum úr blýi eða efnum, sem innihalda blý, s.s. í málningu eða litum, nema með leyfi Hollustuverndar ríkisins.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal bundið við nafn og einkanot umsækjanda. Umsækjandi skal vera fullra 18 ára gamall og ber hann fulla ábyrgð á að reglum þessum sé hlýtt.

3. gr.

Blýhlutirnir mega ekki fara til dreifingar, hvorki til láns, gjafa né sölu.

4. gr.

Þegar blýhlutirnir hafa lokið hlutverki sínu skal leyfishafi koma þeim í viðurkennda efnamóttöku, þannig að þeir valdi hvorki skaða á fólki né umhverfi.

5. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 16/1940 um bann gegn leikföngum úr blýi.

---